



Garðabæ, 1. mars 2012

Umsögn um jafnréttisstefnu Garðaskóla


Á fundi skólaráðs Garðaskóla sem haldinn var 1. febrúar 2012 kynnti aðstoðarskólastjóri og lagði fram drög að jafnréttisstefnu Garðaskóla. Jafnréttisstefnan er útfærsla skólans á jafnréttisáætlun Garðabæjar og nær til allra verksviða skólans, starfsmanna, nemenda og foreldra.

Umsögn skólaráðs er eftirfarandi:

- Athugasemdir eru gerðar við eftirfarandi málsgreinar:
 - Gæta skal jafnréttis í foreldrastarfi og hvetja til að foreldrar af báðum kynum taki þátt í foreldraviðtölum og öðru skólastarfi og að **báðir foreldrar séu (tillaga: foreldrar af báðum kynjum (sinni/komi að) starfi)** bekkjarfulltrúa.
 - Garðaskóli stefnir **af því (að því)** að samþætta jafnréttisfræðslu í **allt sitt menntastarf (allt starf skólans)**.
- Karlar virðast vera um 30% starfsmanna í Garðaskóla. Það er því vafasamt að raunhæft sé að gæta þess ávallt "að hlutföll kynja séu sem jöfnust", eins og stendur undir nefndir og ráð. Leiðrétting í áttina að 50% er eðlileg, en það þarf orðalag sem styður það.
- Skólaráð leggur til að þeir sem komi til með að sitja í jafnréttisnefnd komi úr hópi kennara, skólaliða, nemenda og foreldra og að sjálfsögðu verði í nefndinni jöfn kynjahlutföll, jafnvel tveir fulltrúar úr hverjum flokki

Fulltrúar í skólaráði fela aðstoðarskólastjóra að skila umsögninni til jafnréttisnefndar skólans.

Fyrir hönd skólaráðs,



Brynhildur Sigurðardóttir

